

Ársskýrsla

Starfsárið 2017

Lögð fram á ársfundi, 8. maí 2018



Efnisyfirlit;

Inngangur	3
Um SEV	3
Stjórn.....	4
Hlutverk SEV	5
Markmið SEV	5
Fjármögnun	6
Samstarfsaðilar.....	6
Þátttakendur	8
Tilvísanir	8
Kynjaskipting, aldur og menntun þátttakenda	8
Staða þátttakenda eftir endurhæfingu	9
Endurhæfingin.....	10
HAM eftirfylgni	11
“Úr skuldum í jafnvægi”	11
Suðurfirðir og Strandir	11
Þekkingaröflun og samstarf	12
Húsnæðismál.....	13
Þróun starfseminnar	13
Lokaorð	14

Inngangur

Í þessari skýrslu verður gerð grein fyrir starfsemi Starfsendurhæfingar Vestfjarða (SEV) starfsárið 2017. Farið verður yfir fjölda og samsetningu þátttakenda í endurhæfingu, innihald endurhæfingarinnar og árangur. Einnig verður rætt um flutning SEV í nýtt húsnæði, þróun og uppbyggingu starfseminnar á nýjum stað, samstarf og þekkingaröflun og þau verkefni sem framundan eru á komandi ári.

Um SEV

Starfsendurhæfing Vestfjarða er sjálfseignarstofnun sem var stofnuð 25. september 2008 að frumkvæði Lífeyrissjóðs Vestfirðinga. Stofnaðilar SEV eru:

- Ísafjarðarbær
- Bolungavíkurborg
- Súðavíkurborg
- Vesturbyggð
- Tálknafjarðarborg
- Reykhólaborg
- Strandabyggð
- Kaldrananeshreppur
- Fjórðungssamband Vestfirðinga
- Vinnumálastofnun á Vestfjörðum
- Heilbrigðisstofnun Vestfjarða
- Heilbrigðisstofnun Vesturlands (Þá Heilbrigðisstofnunin á Hólmavík)
- Háskólaþing Vestfjarða
- Fræðslumiðstöð Vestfjarða
- Fjölmenningssetur
- Gildi lífeyrissjóður (Þá Lífeyrissjóður Vestfirðinga)
- Verkalýðsfélag Vestfirðinga
- Verkalýðs- og sjómannafélag Bolungarvíkur
- Félag Járniðnaðarmanna
- Félag opinberra starfsmanna á Vestfjörðum

Í lok mars 2017 flutti starfsemi SEV formlega úr Vestrahúsinu, að Árnagötu 2 - 4, þar sem skrifstofa SEV hafði verið á annarri hæðinni frá upphafi, í nýuppgert húsnæði að Suðurgötu 9. Húsið sjálft hefur fengið nafnið Vinnuver og hýsir auk SEV, Vesturafl og Fjölsmiðjuna. Hópastarfið hafði áður farið fram í húsnæði Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða að Suðurgötu 12, en í hinu nýja húsnæði er góð aðstaða fyrir hópastarf svo öll starfsemi SEV rúmast þar og býður upp á mun fjölbreyttari starfsemi en áður var möguleiki á. Þátttakendur SEV sækja þó áfram þjónustu til ýmissa aðila á svæðinu og fer sú þjónusta fram hjá viðkomandi þjónustuaðilum.

Forstöðumaður og eini starfsmaður SEV er Harpa Lind Kristjánsdóttir, iðjupjálfi.

Stjórn

Stjórn er kosin á ársfundi til tveggja ára, tveir fulltrúar eru kosnir annað árið og þrír hitt árið. Stjórn SEV er skipuð eftirtöldum:

- Sigurveig Gunnarsdóttir, formaður, fulltrúi Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða.
- Arnheiður Jónsdóttir, fulltrúi Vesturbyggðar.
- Guðrún Stella Gissurardóttir, fulltrúi Vinnumálastofnunar.
- Karítas Pálsdóttir, fulltrúi Verkalýðsfélags Vestfirðinga.
- Hrefna R Magnúsdóttir, fulltrúi Fjölmenningsseturs.

Varamenn í stjórn eru:

- Aðalsteinn Óskarsson, fulltrúi Fjórðungssambands Vestfirðinga.
- Finnbogi Sveinbjörnsson, fulltrúi Verkalýðsfélags Vestfirðinga.
- Sigurborg Þorkelsdóttir, fulltrúi Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða.
- Elfa Hermannsdóttir, fulltrúi Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða.
- Sædis Jónatansdóttir, Fulltrúi Ísafjarðarbæjar.

Árið 2017 voru haldnir sex stjórnarfundir.

Hlutverk SEV

Hlutverk SEV er að veita starfsendurhæfingu þeim einstaklingum sem hafa þurft að hætta störfum á vegna veikinda, slysa, félagslegra erfiðleika eða af öðrum ástæðum og vilja vinna að endurkomu á vinnumarkaðinn.

Þátttakendur eru einstaklingar með örorkumat / endurhæfingarlífeyri, framfærslu frá sveitafélagi, á atvinnuleysisbótum eða ungt fólk án atvinnusögu og menntunar.

Markmið SEV

Markmið SEV eru;

- Að þátttakendur komist í vinnu eða nám sem styrkja mun stöðu þeirra gagnvart vinnumarkaði.
- Að lífsgæði þátttakenda aukist.
- Að lífsgæði fjölskyldna þátttakenda aukist.
- Að endurhæfing fari fram í heimabyggð.

SEV býður upp á heildstæða endurhæfingu þar sem tekið er á vanda hvers þátttakanda í samvinnu við félags- og heilbrigðismálayfirvöld, mennta- og fræðslustofnanir og aðra hagsmunaaðila á Vestfjörðum. Lögð er áhersla á að þátttakendur beri sjálfir ábyrgð á eigin endurhæfingu og þeir koma með virkum hætti að gerð endurhæfingar-áætlunar sinnar frá upphafi endurhæfingar.

Í endurhæfingunni er lögð áhersla á einstaklingsbundin úrræði sem miðast að því, að efla fólk til sjálfshjálpar eftir þörfum hvers og eins, meðal annars með menntun og fræðslu, fjármálaráðgjöf, sálfræðistuðningi, líkamshjálfun, næringarráðgjöf o.fl.. Þannig er unnið að því að styrkja stöðu þátttakenda gagnvart vinnumarkaðinum. Þátttakendum er einnig gefinn möguleiki á því að prófa getu sína til vinnu í vinnuþrófun í Vinnuveri og á almennum vinnumarkaði og í framhaldinu studdir til að komast aftur út á vinnumarkaðinn á hraða sem þeir ráða við og hentar hverjum og einum.

Fjármögnun

Í lok árs 2017 var þjónustusamningur sem gerður var við VIRK Starfsendurhæfingarsjóð í júní 2015 framlengdur í annað sinn og gildir nú til loka ársins 2018. Starfsendurhæfing Vestfjarða er nú alfarið rekin fyrir fjármagn frá VIRK og er annarsvegar um að ræða mánaðalegt fast framlag og hins vegar greiðslur fyrir endurhæfingu hvers þátttakanda. Í þeim samningum sem VIRK hefur gert við SEV, þeim fyrsta árið 2013 og síðan 2015, hefur VIRK sýnt vilja til að tryggja að á Vestfjörðum sé mögulegt að bjóða upp á heildræna starfsendurhæfingu þrátt fyrir fámenni og vonandi verður það svo áfram. Þeir fjármunir sem VIRK ver í starfsemi SEV myndu þó nýtast betur ef fleiri einstaklingar fengju að nýta sér þjónustuna, þar sem fasta framlagið greiðist óháð fjölda og verðið á úrræðunum SEV er fremur lágt.

Samstarfsaðilar

Eins og undanfarin ár þá hafa helstu samstarfsaðilar SEV verið Vesturafl, Sjúkrþjálfun Vestfjarða, Fræðslumiðstöð Vestfjarða, Endurhæfingardeildin á Heilbrigðisstofnun Vestfjarða, Auður Ólafsdóttir hjúkrunarfræðingur, Fanney Pálsdóttir og Petra Hólmgrímsdóttir ráðgjafar VIRK, Salome Elín Ingólfssdóttir næringarfræðingur, Katrín Sif Þór sálfræðingur og Kristín Lilja Garðarsdóttir, sálfræðingur.

Fanney Pálsdóttir sem hafði verið ráðgjafi VIRK á Vestfjörðum allt frá stofnun VIRK lét af störfum í maí 2017. SEV þakkar Fanney fyrir mikið og gott samstarf undanfarin ár. Petra Hólmgrímsdóttir tók við starfi Fanneyjar og hefur hið góða samstarf við ráðgjafa VIRK á haldið áfram eftir að hún tók við starfinu. Allir sem óska eftir að komast í starfsendurhæfingu, þurfa að byrja á að fara í ráðgjöf og matsferli hjá VIRK. Ráðgjafi VIRK vísar fólki síðan áfram í viðeigandi endurhæfingarúrræði og er SEV eitt af þeim úrræðum. Af þessu leiðir að mikil samvinna er milli starfsmanns SEV og ráðgjafans um framgang endurhæfingar einstaklinga í þjónustu og mikilvægt að samvinnan sé góð.

Þrátt fyrir að hópastarf SEV hafi nú flutt úr húsnæði Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða, er samstarf við Fræðslumiðstöðina áfram töluvert. Algengt er að þátttakendur SEV nýti

sér námsleiðir og námskeið fræðslumiðstöðvarinnar, sem hluta af endurhæfingu þeirra og hafa þátttakendur verið ánægðir með þá fræðslu og þjónustu sem þeir fá þar.

Sjúkraþjálfarar hjá Sjúkraþjálfun Vestfjarða sáu áfram um sjúkraþjálfun og hreyfingarhluta starfsendurhæfingarinnar, auk þess að sjá um fræðslu um mikilvægi hreyfingar og áhrif hennar á líkama og sál. Hjá Sjúkraþjálfun Vestfjarða starfa nú fjórir sjúkraþjálfarar, þau Ólafur Halldórsson, Tómas Emil Guðmundsson, Atli Þór Jakobsson og Fanney Pálsdóttir, en hún hóf þar störf eftir að hún hætti hjá VIRK í maí.

Einhverjir þátttakendur sóttu einnig sjúkraþjálfun og hreyfingu á endurhæfingardeild Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða á síðasta ári og samvinna við sjúkraþjálfarana þar er ávalt mjög góð.

Eftir flutning í nýtt húsnæði hefur samvinna SEV og Vesturafls heldur aukist og er Fjölsmiðjan einnig orðin hluti af þeirri samvinnu. Stofnanirnar þrjár hafa sameinast um rekstur vinnustofu sem nýtist notendum allra stofnananna. Vesturafl hefur þó haldið áfram að hafa umsjón með vinnustofum fyrir þátttakendur SEV þar sem unnið er að ýmskonar handverki. Einhverjir þátttakenda SEV nýta sér Vesturafl einnig sem virkniúrræði og leið til að efla félagslega virkni. Að auki geta þátttakendur SEV þjálfað upp hæfni sína og starfsþrek í vinnuþrófunum og starfsþjálfunum í hinum ýmsu störfum í húsinu og var það hluti af endurhæfingaráætlun nokkra þátttakenda SEV á síðasta ári og er einnig í samvinnu við Vesturafl og Fjölsmiðju. Starfsmenn Vesturafls eru Sigríður Magnúsdóttir og Harpa Guðmundsdóttir, iðjuþjálfari og starfsmaður Fjölsmiðju er Rána Campbell.

Auður Ólafsdóttir hjúkrunarfræðingur sá um HAM eftirfylgni námskeið sem haldin voru á vegum SEV. Salome Elín Ingólfisdóttir veitti næringarráðgjöf og fræðslu um mataræði og næringu fyrir þátttakendur SEV.

Auk ofanefndra komu margir aðrir aðilar að starfsemi SEV við kennslu, þjálfun, ráðgjöf og fleira.

Þátttakendur


Tilvísanir

Á árinu 2017 bárust 45 tilvísanir frá VIRK vegna 25 einstaklinga. Þar af voru 9 einstaklingar að hefja endurhæfing hjá SEV í fyrsta skipti í einstaklingsmiðaðri þverfagleglegri endurhæfingu (EþE) eða mati á stöðu, 4 byrjuðu fyrri hluta árs og 5 seinni hluta ársins. Þetta er einum færri heldur en í fyrra, en það var þá minnsti fjöldi sem hafði byrjað endurhæfingu hjá SEV á einu ári, en árið 2016 hófu 14 þátttakendur endurhæfingu og hafði þá einnig fækkað. Fækkunin er því umtalsverð á síðustu árum. Lengd tilvísananna var frá einum og upp í sex mánuði, en meðallengd tilvísana í EþE og mat á stöðu voru 4,1 mánuður og er 0,7 mánuðum styttra en árið 2016.

Að auki var níu einstaklingum vísað í styttri úrræði og stök námskeið, en þá er ekki um að ræða heildræna endurhæfingu og starfsmaður SEV sér þá ekki um utanumhald endurhæfingar þessara einstaklinga. Þetta eru HAM hópur og líkamsræktarhópur. Einn þátttakandi var á sunnanverðum Vestfjörðum á síðasta ári. SEV hefur einnig haft umsjón með vinnusamningum einstaklinga sem lokið hafa endurhæfingu og var einn vinnusamningur endurnýjaðir á síðasta ári.

Kynjaskipting, aldur og menntun þátttakenda

Af þeim 9 þátttakendum sem hófu heildræna starfsendurhæfingu árið 2017 voru fimm konur eða 56% og fjórir karlar, eða 44% þátttakenda (mynd 1). Hlutfallið er hér nánast jafnt og virðist aukning í fjölda karla í starfsendurhæfingu halda áfram, en árið 2016 gerðist það í fyrsta skiptið í sögu SEV sem fleiri karla en konur hófu



starfsendurhæfingu. Flest árin þar á undan hafði fjöldi karla verið í kringum 30%.

Menntun þeirra níu einstaklinga sem hófu endurhæfingu 2017 var nokkuð fjölbreytt. Hlutfall þeirra sem lokið höfðu formlegri menntun við upphaf endurhæfingar var aðeins hærra en árið á undan eða 56%. Einn þátttakandi hafði lokið iðnnámi, einn stúdentsprófi, einn stýrimannsréttindum, einn hafði lokið við meira

en tveggja ára nám á framhaldsskólastigi og einn hafði lokið háskólaprófi. Hlutfall þeirra sem höfðu aðeins lokið grunnskólanámi var 44% (mynd 2). Meðalaldur þátttakenda í starfsendurhæfingu var 42,5 ár og spannaði aldersdreifingin frá 27 og upp í 66 ár.

Staða þátttakenda eftir endurhæfingu

Í lok árs 2017 höfðu í allt 146 þátttakendur hafið endurhæfingu hjá SEV frá upphafi. Af þeim höfðu 101 einstaklingar lokið endurhæfingu, 16 hafa flutt, 18 hætt og tveir látist áður en endurhæfingu lauk og 9 voru ennþá í virkri endurhæfingu við árslok.


Af þeim sem lokið hafa endurhæfingu, hafa 36 einstaklingar komist í fulla vinnu að endurhæfingu lokinni og komist af opinberri framfærslu eða 36%. Fimmán einstaklingar eða 15% hafa komist í hlutastarf að endurhæfingu lokinni, en fá greiddar örorkubætur frá TR á móti, vegna skertrar starfsgetu. Fimm hafa farið í nám, þar af 3 í háskólanám, 5 hafa útskrifast í atvinnuleit, tilbúnir að fara í vinnu og ein fór í

fæðingarorlof áður en endurhæfingu lauk. (sjá mynd 3). Rúmlega 40% þeirra einstaklinga sem fá greidda örorku að starfsendurhæfingu lokinni voru með örorkumat áður en þeir hófu starfsendurhæfingu hjá SEV, en vildu freista þess að komast inn á vinnumarkaðinn aftur. Um fimmtungi þessara einstaklinga tókst að auka starfsgetu sína þannig að þeir voru að endurhæfingu lokinni komnir í hlutastarf, allt frá 20% og allt upp í 80% starfshlutfall,


sem skiptir miklu máli fyrir lífsgæði þeirra og heilsu.

Þrjátíu og tveir einstaklingar hafa þurft að sækja um örorku eftir að hafa lokið starfsendurhæfingu hjá SEV, þar af stunda 10 hlutastörf í 30 - 60% starfshlutfalli.

Mynd 2.



Mynd 3



Endurhæfingin

Allir þátttakendur SEV koma frá VIRK og hafa þá farið í gegnum grunnmat VIRK og þær upplýsingar sem ráðgjafi VIRK hefur aflað um einstaklinga fylgja honum til SEV. Við upphaf starfsendurhæfingar hjá SEV er þó alltaf farið yfir stöðu þátttakenda og gerð einstaklingsmiðuð áætlun með hverjum einstaklingi fyrir sig, sem miðar að því að veita stuðning við hæfi og taka á þeim þáttum sem hindra atvinnuþátttöku.

Í þjónustusamningi milli SEV og VIRK, skilgreindi VIRK tvær tegundir úrræða sem það vildi kaupa. Það er annars vegar „Mat á stöðu einstaklinga“, sem er stutt úrræði, 1 - 3 mánuðir, sem hefur það að markmiði að meta raunhæfi þess að hefja markvissa starfsendurhæfingu. Þátttaka einstaklings í þessu úrræði telst fullnægjandi ef honum tekst að mæta og taka þátt í þjónustu sem nemur 12-15 tímum á viku. Hins vegar er um að ræða úrræði sem VIRK nefnir „Einstaklingsmiðuð þverfagleg starfsendurhæfing“. Hér þurfa þátttakendur að taka þátt í formlegri endurhæfingu sem nemur að lágmarki 15 - 20 tímum á viku og inniheldur bæði einstaklingsmiðaða þjónustu og hópúrræð.

Haustönnin 2017 var farið af stað með reglulega dagskrá og hópastarf í hinu nýja húsnæði og var farið af stað með vikulega fræðslu, vinnustofu, hóptíma og HAM eftirfylgni í lok ágúst. Dagskráin var fyrir hádegi fjóra daga í viku, en áætlað er að dagskrá verði alla daga vikunnar og eftir hádegi 2 - 3 daga. Allir þátttakendur hafa geta nýtt sér þá dagskrá sem fram hefur farið í húsinu. Mæting hefur verið misjöfn í hina mismunandi þætti, en viðbúið er að einhvern tíma taki fyrir fólk að venjast nýju fyrirkomulagi. Fækkun þátttakenda hefur einnig gert það að verkum að erfiðara er að halda úti kraftmiklu hópastarfi þegar fjöldi þátttakenda er lítill og fólk á misjöfnum stað í endurhæfingarferlinu.

Endurhæfingin var sem fyrr miðuð að þörfum og getu hvers einstaklings og gat auk ofan nefndra dagskrárliða SEV m.a. innihaldið virkni, starfsþjálfun, nám eða námskeið, jóga, sundleikfimi og fleira sem talið var geta eflt og styrkt einstaklinginn andlega og/eða líkamlega. Einstaklingsviðtöl og líkamsrækt voru fastur liður í endurhæfingaráætlun allra þátttakenda SEV og eins og áður stóð sjúkrabjálfun,

sálfræðiráðgjöf, næringarráðgjöf, fjármálaráðgjöf og önnur einstaklingsmiðuð þjónusa öllum til boða sem höfðu þörf fyrir hana.

Önnur úrræði SEV hafa að mestu verið óbreytt og hafa þau orðið hluti af þeirri heildstæðu endurhæfingu sem skipulögð er fyrir hvern einstakling, auk þess sem VIRK hefur einnig geta keypt stök úrræði.

HAM eftirfylgni

SEV býður upp á eftirfylgni fyrir þá einstaklinga sem hafa lært grunnhugmyndafræði hugrænnar atferlismeðferðar (HAM), annaðhvort á námskeiði eða í sálfræðiviðtölum.

Um er að ræða eins klukkustunda hóptíma á viku í 8 vikur í senn þar sem þátttakendur fá stuðning við að tileinka sér HAM hugmyndafræðina, læra hvernig þeir geta nýtt sér hana og stuðning við að gera hana að hluta af daglegu lífi. SEV hefur boðið upp á HAM eftirfylgni, a.m.k. tvisvar sinnum á ári.

“Úr skuldum í jafnvægi”

Fram til vorsins 2017 bauðst þátttakendum SEV að fara á fjármálanámskeiðið “Úr skuldum í jafnvægi”. Það er Fjármálaþjónustan ehf. sem hefur komið og haldið námskeiðið hjá SEV. Hugmyndafræðin að baki námskeiðinu skiptir fjármálalegri þroskagöngu einstaklings upp í sjö þrep. Á hverju þrepi tileinkar einstaklingurinn sér eitthvað sem er nauðsynlegt til að öðlast velgengi í fjármálum.

Eftir námskeiðið hefur þeim þátttakendum sem glíma við mikinn fjármálavanda boðist að fá einkatíma hjá kennara námskeiðsins, en hann hefur áralanga reynslu af ráðgjöf við fólk í fjármálavanda.

Síðasta námskeið var haldið í apríl 2017 en Garðar Björgvinsson kennari námskeiðsins sá sér ekki fært að halda námskeið hjá SEV vorið 2018 og óvíst er hvort að námskeiðið verði haldið aftur.

Suðurfirðir og Strandir

Í lok árs 2016 varð hlé á þeirri samvinnu sem verið hafði milli SEV og Vesturbyggðar, vegna breyttra aðstæðna í sveitafélaginu. Áður hafði Arnheiður Jónsdóttir starfsmaður Vesturbyggðar séð um skipulagningu og ut anumhald endurhæfingar þátttakenda sem vísað var til SEV á suðursvæði Vestfjarða og hafði það fyrirkomulag gengið mjög vel. Í byrjun árs 2017 var reynt að finna starfsmann í hlutastarf á svæðinu en það tókst ekki. Um sumarið var aftur farið af stað í leit að starfsmanni og var þá ráðinn

starfsmaður til Vesturbyggðar sem hefur bæði menntun, vilja og áhuga á að sinna utanumhaldi endurhæfingar þeirra þátttakenda sem vísað er til SEV á suðursvæði Vestfjarða. Það er Svanhvít Sjöfn Skjaldardóttir sem hóf störf í Vesturbyggð og síðan sem tengiliður SEV á Suðurfjörðunum í október s.l. Svanhvít er með BA próf í Félagsráðgjöf frá HÍ og diplóma í Kynjafræði og Hagnýtri jafnréttisfræði frá HÍ.

Þjónustusamningur var því aftur gerður milli SEV og Vesturbyggðar í október s.l.

Ekkert hópastarf var í Vesturbyggð á síðasta ári svo aðeins var um að ræða einstaklingsmiðaða endurhæfingu. Eru þá úrræði á staðnum nýtt, s.s. þjónusta sjúkraþjálfara, líkamsræktarsalur og sundlaug og Eyrarsel. Auk þess sem haft hefur verið samstarf við vinnuveitendur á svæðinu um vinnuprófanir á vinnustöðum. Samstarf hefur verið við sálfræðing sem nýtir internetið og hittir fólk í skypeviðtölum. Svanhvít sá um stuðningsviðtöl og utanumhald endurhæfingar. Einn þátttakandi var á svæðinu síðustu 3 mánuði ársins. Ekki var tekið við beiðnum frá VIRK um þjónustu á svæðinu meðan SEV hafði engann starfsmann þar.

Enn hefur engin formleg starfsemi farið af stað á Ströndum eða Reykhólum þar sem engin tilvísun hefur enn borist um þjónustu þar.

Þekkingaröflun og samstarf

Forstöðumaður SEV hefur eins og áður tekið þátt í því samstarfi sem er milli starfsendurhæfingarstöðvanna víðsvegar um landið. Árið 2017 var haustfundur stöðvanna haldinn á Akranesi. Sem fyrr voru ýmis mál rædd sem varða hagsmuni stöðvanna, framkvæmd starfsendurhæfingar, fagmennsku, gæði þjónustunnar og margt fleira. Miklu skiptir að hafa þennan vettvang til að skiptast á skoðunum og reynslu, sér í lagi þar sem margar stöðvanna eru litlar einingar með fáa starfsmenn.

Síðustu þrjú árin hefur forstöðumaður SEV lagt stund á meistaranám í heilbrigðisvísindum við háskólann á Akureyri og hefur þar öðlast mikla þekkingu á ýmsum áhrifaþáttum á heilsu og heilbrigði, mismunandi meðferðarúrræðum, straumum og stefnum í heilbrigðisvísindum og fleiru sem mun nýtast vel til þess að þróa og bæta starfsemi SEV. Meðal áfanga sem teknir hafa verið eru tveir áfangar um starfsendurhæfingu, sem eru hluti af nýju diplómanámi sem þróað hefur verið í

samvinnu Háskóla Íslands og Háskólans á Akureyri. Einnig áfangi sem heitir „Nature based interventions” sem kenndur er við sænska landbúnaðarháskólann. Lokaverkefni meistaranámsins mun fjalla um náttúrutengda endurhæfingu og mun felast í því að þróa og innleiða náttúrutengda endurhæfingu í SEV og hófst sú vinna í byrjun árs 2018 og mun vara fram til vors 2019.

Húsnæðismál

Í lok mars 2017 náðist sá merki áfangi að starfsemi SEV flutti í nýtt húsnæði, Vinnuver, Suðurgötu 9 Ísafirði og var víxluathöfn haldin þann 1. maí. Vinnuver er afrakstur mikillar vinnu forstöðumanna SEV og Vesturafls og aðkomu fjölmargra aðila sem allir lögðust á eitt um að gera framkvæmd þessa stóra verkefnis mögulega. SEV leigir nú húsnæðið af Virkni húsi, sem er það félag sem stofnað var utan um kaupin og breytingarnar á húsinu.

Sú reynsla sem komin er á starfið í húsinu síðastliðið ár er mjög góð. Kennslustofan rúmar vel þann fjölda sem sækir fræðslu og hópastarf SEV, viðtalsherbergið nýtist einstaklingum sem hitta sálfræðing sinn í skype viðtölum, þátttakendur sem stunda fjarnám sem hluta endurhæfingar nýta sér námsaðstöðuna og fólk situr og drekkur kaffi og spjallar í holinu. Vinnustofan býður upp á ótal möguleika og þar er aðstaða til að stunda margskonar mismunandi handverk og hafa þátttakendur SEV nýtt sér hana í hverri viku og margir möguleikar eru til starfsþjálfunar og vinnuprófana sem þónokkrir þátttakendur SEV hafa nú þegar nýtt sér. Það má því með sannni segja að Vinnuverið bjóði upp á fleiri möguleika, rúmi meiri og fjölbreyttari starfsemi og uppfylli betur þarfir notenda SEV en fyrri aðstaða gerði.

Þróun starfseminnar

Síðasta árið hefur starfsemi SEV verið að mótast á nýjum stað og eru margar hugmyndir uppi um hvernig bæta megi starfið enn frekar og mun það halda áfram að þróast. Það sem er þó mest spennandi í augnablikin er það hvernig nýta megi svæðið á lóð Vinnuvers með beinum hætti í starfsendurhæfingunni. Ætlunin er að útbúa þar

grænan reit þar sem aðstaða verður til ræktunar og útiveru og nýta hana í hinni náttúrutengdu endurhæfingu sem þróa á í tengslum við fyrirnefnt meistaraverkefni undirritaðrar. Vilyrði hefur fengist frá sérfræðingi í hönnun náttúru-endurhæfingargarða um að hanna svæðið, þannig að það uppfylli þau skilyrði sem rannsóknir sýna að sé mikilvægt að séu til staðar í gördum sem þessum. Hluti meistaraverkefnisins er einnig að kortleggja önnur græn svæði í bænum og í nágrenni hans og skoða hvort og hvernig þau geti nýst í endurhæfingu þátttakenda SEV.

Lokaorð

Árið 2017 komu lokst til framkvæmda allar þær breytingar sem lengi hafði verið beiðið eftir. Flutningur SEV í nýtt húsnæði og uppbygging starfseminnar á nýjum stað hefur gert árið bæði spennandi og annasamt. Framundan er jafnframt spennandi tími þar sem þróun starfseminnar heldur áfram á nýjum stað og nýrra leiða verður leitað til að nýta til fulls þá möguleika sem húsnæðið og umhverfið bjóða uppá.

Harpa Lind Kristjánsdóttir
Forstöðumaður SEV